59

Ágrip

af reikningi landsbankans 1. jan. til 31. marz 1888.

	Tekjur:	Kr.	Kr.
1.	Í sjóði 1. janúar 1888		57126,75
2.	Seðlar meðteknir frá landssjóði		25000,00
3.	Endurborguð lán:		
	a. Fasteignarveðslán	8994,22	
	b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	3411,75	
	c. Handveðslán	350,00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga	2175,00	14930,97
4.	Fasteignarveð lagt bankanum út til eignar		800,00
5.	Innleystir víxlar		3810,00
6.	Innleystar ávísanir		149,10
7.	Selt konunglegt skuldabrjef		200,00
8.	Vextir;		
	a. af lánum	3631,35	
	b. — kgl. ríkisskuldabrjefum	0,99	3632,34
9.	Diskonto		172,59
10.	Provision og aðrar óvissar tekjur		40,23
11.	Lagt inn á hlaupareikning		3020,68
12.	Sparisjóðsinnlög		36346,30
		Tekjur alls	145228,96

	Gjöld:	Kr.	Kr.
1.	Lánað gegn:		
	a. Fasteignarveði	26810,00	
	b. Sjálfsskuldarábyrgð	1855,00	
	c. Handveði	300,00	
	d. Ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga	1250,00	30215,00
2.	Keyptir víxlar		8795,96
3.	Keypt skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar		400,00
4.	Útborgað af sparisjóðsinnlögum		26610,64
5.	Útborgaðir dagvextir af sparisjóðsinnlögum		3,68
6.	Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)		1503,00
7.	Ymisleg útgjöld		167,96
8.	Til jafnaðar móti tekjulið 4.		800,00
9.	Í sjóði 31. marz 1888		76732,72
		Gjöld alls	145228,96

Athugasemdir:

Eignir landsbankans voru 31. marz 1888:

1.	Skuldabrjef fyrir lánum:		
	a. Fasteignarveðsskuldabrjef	598394,51	
		Flyt	598394,51

	Kr.	Kr.
Flutt	598394,51	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef	27592,07	
c. Handveðsskuldabrjef	10020,00	
d. Skuldabrjef gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga . .	9171,00	645177,58
2. Önnur skuldabrjef:		
a. kgl. ríkisskuldabrjef	101200,00	
b. skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar . . ; . . .	600,00	101800,00
3. Víxlar		9720,96
4. Ávísanir		25,00
5. Húseign útlögð bankanum fyrir láni að upphæð		800,00
6. Í sjóði 31. marz 1888		76732,72
		834256,26
Landsbankinn hefur fengið í seðlum frá landssjóði til 31. marz 1888		400000,00
Eign varasjóðs bankans 31. desbr. 1887		26109,72
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.		27912,59
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi orðnar eign varasjóðs . .	16586,47	
að frá dregnum ýmsum kostnaði 1. jan. til 31. marz 1888	1674,64	14911,83
Sparisjóðsinnlög innistandandi í bankanum 31. marz 1888		362301,44
Fje er lagt hefur verið inn á hlaupareikning		3020,68
		834256,26

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. apríl 1888.

L. E. Sveinbjörnsson. *Jón Pjetursson.* *Eiríkur Briem.*

59

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Húnavatnssýslu* **um borgun til dómenda í landamerkjamálum.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, tjáð mjer, að í tveimur landamerkjamálum, sem dæmd hafi verið í merkjadómi Húnavatnssýslu, öðru höfðuðu með gjafsókn af hálfu Holtastaðakirkju og hinu höfðuðu á hendur Undirfellskirkju, er fjekk gjafvörn, og sem báðum hafi verið áfrýjað til landsyfirdómsins, hafi hlutaðeigandi dómendur ekki enn fengið aðra borgun fyrir starfa sinn, en að þeim hafi verið greiddur úr landssjóði sá hluti borgunarinnar fyrir hið fyrnefnda gjafsóknarmálið, sem eptir merkjadóminum átti að gjaldast af almannafje, og hafið þjer útaf áskorun dómsmannanna til yðar um að hlutast til um, að þeim verði sem fyrst greidd borgun sú, er þeim ber í báðum þessum málum, beiðzt leiðbeiningar minnar um, hvernig ráða eigi fram úr þessu máli. 60 25. apr.

Útaf þessu tilefni gefst yður til vitundar, að áfrýjunarstefna sú, sem tekin hafði verið út í hinu fyrnefnda landamerkjamálinu, hefur aldrei verið lögð fram fyrir landsyfirdóminum, og með því að merkjadómurinn í því máli þannig stendur óraskaður, þá á sá hluti borgunarinnar til dómendanna í málinu, sem eptir stendur óborgaður, samkvæmt merkjadóminum að greiðast af varnaraðila. En að því er snertir hið síðarnefnda málið, þá hefur merkjadómurinn í því verið dæmdur ómerkur af landsyfirdóminum og málinu vísað heim aptur í hjerað, og þar sem þannig ekkert dómsatkvæði er fyrir því, að neitt af kostnaðinum í því máli eigi að greiðast af almannafje, þá eiga